

Aðalfundur Klifurfélags Vestfjarða, haldinn í Skátaheimilinu á Ísafirði 2. maí 2024 kl. 17:00.
Fundargerð ritar Sigríður Sig Gylfadóttir.

Stungið upp á Rúnari Karlssyni sem fundarstjóra, Sigríði Sif Gylfadóttur sem ritara. Samþykkt. Fundarstjóri býður formanni að fara yfir skýrslu stjórnar.

Formaður kynnti skýrslu stjórnar. Fer yfir félagið og tilurð þess. Meginmarkmið að byggja upp inniaðstöðu auk þess að stuðla að framgangi klifuríþróttarinnar á Vestfjörðum. Tvö ný útiklifursvæði sett upp síðan 2020. Í Ögurnesi, hugsað fyrir börn og byrjendur. Í Valþjófsdal upp af Önundarfirði, 5 boltaðar leiðir í erfiðari kantinum.

2021-22 var svipast um eftir hentugu húsnæði fyrir inniklifuraðstöðu. Haustið 2022 var hafist handa við að smíða klifurveggi inni skátaheimilið. Langstærsti bakhjarlinn er Borea Adventures, sem hefur fjármagnað uppbygginguna heilmikið og er þeim þakkað kærlega fyrir ómetanlega aðstoð. Fleiri styrktaraðilar tilteknir og þeim þakkað.

Óliver Hilmarsson og Björgvin Hilmarsson unnu veturinn 2022-23 við byggingu veggjarins. Hjördís Björnsdóttir kom inn í starfið vorið 2023. Í byrjun 2024 hafa verið fastir opnunartímar fyrir börn og fullorðna. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort rukkað verði fyrir aðgang. Lítill lykilhópur hefur séð um starfið. Formaður þakkar Vaidasi, Hjördísi, Orlu, Justasi og Lúkasi. Boðið hefur verið upp á krakkaafmæli, leikskólaheimsóknir, björgunarsveitir hafa æft, menntaskólanemendur hafa komið á þemadögum, mikið líf hefur verið í kringum húsið. HSV leitaði eftir samstarfi síðasta sumar með að halda klifurnámskeið og heppnaðist vel, verður endurtekið í sumar. Fjárfest var í Moon vegg, æfingakerfi með klifurgripum, styrktur af Rannís og með uppbyggingarsamningi við Ísafjarðarbæ, er þeim þakkað.

Fundarstjóri þakkar Björgvini fyrir ítarlega skýrslu og fyrir að draga vagninn í verkefninu. Lagðir fram skoðaðir reikningar síðasta árs. Edda María Hagalín nefnir að ýmis framlög sem nefnd voru í skýrslunni komi ekki fram ársreikningnum, hann sé unnin upp úr færslum á bankareikningum félagsins. Þetta verði skoðað betur í framhaldinu. Bent á að hægt sé að kynna sér innihald reikningsins í fundargögnum sem aðgengileg eru á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri spyr hvort spurningar séu um reikninginn. Engar spurningar eða athugasemdir.

Fundarstjóri spyr hvort lagabreytingar hafi borist. Formaður útskýrir að heildarendurskoðuð lög félagsins séu lögð fram til samþykktar, eftir ábendingar frá ÍSÍ. Engar frekari lagabreytingar hafa borist eftir auglýsingu. Lögin eru samþykkt af fundinum.

Formaður tilgreinir framboð til setu í stjórn félagsins. Engin mótframboð hafa borist og telst því sjálfkjörið í embættin við lófatak viðstaddra. Björgvin er áfram formaður, Hjördís Björnsdóttir og Edda María Hagalín koma inn sem meðstjórnendur. Orla Mallon og Vaidas Valentukevicius eru varamenn.

Rúnar Karlsson býður sig fram sem skoðunarmann reikninga. Samþykkt við lófatak viðstaddra.

Nú hófst umræða um önnur mál.

Formaður óskar eftir hugmyndum fundargesta um framtíð félagsins og fyrirkomulagið. Rætt er um félagsgjöld og félagsaðild. Rætt er um lottótekjur og hvort barnanámskeið sem haldin hafa verið telji inn í það. Edda ræðir að það þurfi að skrá iðkendur inn í sportablar. Rætt að félagsgjöldin yrðu í kringum 5000 kr fyrir fullorðna en ókeypis fyrir börn 13 ára og yngri. Félagsgjöld gætu staðið straum af kostnaði við reksturinn og greiða leigu fyrir húsnæði Skátanna. Fundargestir sammála um að 5000 kr árgjald sé sanngjarnt. Spurt er hvort fundist hafi nýtt húsnæði fyrir AA fundi, það hefur ekki tekist og AA félagar eru tregir til að flytja.

Umræða skapaðist um viðhald skátaheimilisins. Hugmynd að fá gamla skáta til að taka þátt í yfirhalningu. Edda nefnir að engin virk stjórn sé í skátafélaginu og því hefur ekki mikið gerst. Klifurfélagið getur lagt til fólk. Spurning um að athuga með styrki, búið er að fá kostnaðaráætlun.

Rætt um framhald klifurnámskeiða eftir aldursbilið sem HSV námekeiðin dekkja.

Rætt um aðila eins og Lýðskólann, sem gætu boðið nemendum upp á klifurnámskeið.

Fundi slitið kl 17:55.